

DVALARHEIMILI STYKKISHÓLMS
STJÓRNARFUNDUR

103.fundur í stjórn Dvalarheimilis Stykkishólms haldinn þriðjudaginn 6. sept. 2016
kl.18.10 í Setrinu.

Mættir voru Róbert Jörgensen, formaður, Kristín Hannesdóttir, forstöðumaður
Dvalarheimilisins, Hafdís Björgvinsdóttir, ritari, Berglind Axelsdóttir og Þór Örn Jónsson,
bæjarritari.

Formaður setti fund kl. 18:10 og bauð fundarmenn velkomna eftir sumarfrí. Hann bar fram
tillögu um að 2.liður á dagskránni, REKSTUR, yrði tekinn fyrir fyrstur, þar sem gestur fundarins,
Þór Örn Jónsson, bæjarritari, væri kominn á fundinn til að skýra rekstrarreikning fyrir fyrstu 6
mánuði ársins 2016. Það var samþykkt samhljóða.

2. REKSTUR.

Formaður gaf Þór Erni orðið. Hann fór yfir rekstur Dvalarheimilisins fyrstu 6 mánuði ársins. Halli
er upp á 8,9 milljónir en allt horfir þetta þó í rétta átt. Ársreikningur fyrir árið 2015 er tilbúinn og
verður sendur stjórninni rafrænt við fyrsta tækifæri.

Þór Örn yfirgaf fundinn kl.18.45 .

2. MÖNNUN

>Fullmannað er í stöður á dvalarheimilinu. Stöður sjúkraliða eru 3.3 og stöður starfsfólks í
aðhlyningu eru 8.2..

>Þann 3. okt. er áætlað að hefja störf í eldhúsinu á sjúkrahúsinu og verður rekstur þess á
vegum dvalarheimilisins. Þar á að matreiða fyrir sjúkrahúsið, dvalarheimilið, grunnskólann og þá
eldri borgara sem hafa keypt mat frá dvalarheimilinu. Matnum verður ekið frá sjúkrahúsinu.
Auglýst var í Stykkishólmspóstinum eftir starfsfólki í eldhúsið á sjúkrahúsinu og hefur 1 umsókn
borist. Þá vantar í eldhúsið 0.8 stöðugildi.

>Iðjubjálfi hefur verið ráðinn til reynslu í 3 mánuði í 50% starf og hóf hann starf 1. sept..

3. ÖNNUR MÁL

>Formaður afhenti stjórnarmönnum siðareglur kjörinna fulltrúa í Stykkishólmsbæ.

>Dvalarheimilið fékk myndarlega peningagjöf til minningar um Sigurbjörgu Jóhannsdótturog var
þessi peningur nýttur til kaupa á hjálpartæki fyrir Dvalarheimilið. Gefendum eru færðar
innilegar þakkir fyrir góðan hug.

>Ákveðið var að hafa fundi stjórnar fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl.16.15 þar til annað verður
ákveðið og verður næsti fundur þann 4. okt. 2016 kl.16.15

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19.20

Hafdís Björgvinsdóttir, ritari.